

Alþingi  
Erindi nr. P 125/712  
komudagur 27.1.2000

**SSI**

STÉTTARFÉLAG SÁLFRÆÐINGA Á ÍSLANDI

Lágmúla 7 - 108 Reykjavík - sími 568-0895 fax 588-9239 netfang ssi@isgatt.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík


Reykjavík 25. janúar 2000

Efni: Umsögn Stéttarfélags sálfræðinga á Íslandi um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál, fjöldauppsagnir.

Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi er sammála því að ein vinnulöggjöf skuli ríkja í landinu en telur um leið að virða beri stjórnarskrárvarinn samningsrétt og félagafrelsi. Eins og BHM hefur ítrekað bent á gildir misræmi milli réttinda og skyldna aðila á vinnumarkaði – opinberum starfsmönnum í óhag: Opinberum starfsmönnum eru nú þegar sniðnar þrengri reglur en starfsmönnum á almennum vinnumarkaði og hinu opinbera sem vinnuveitanda eru þegar tryggð nægileg úrræði til þess að bregðast við svonefndum fjöldauppsögnum opinberra starfsmanna, m.a. með víðtækum heimildum forstöðumanna.

Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi er alfarið mótfallið því að réttur opinberra starfsmanna verði skertur enn frekar með einhliða lagasetningu ríkisvaldsins, eins og virðist fyrirhugað með ofangreindu frumvarpi og að því er virðist einungis vegna þess að fulltrúar ríkisvaldsins eiga erfitt með að sætta sig við niðurstöður Félagsdóms.

F.h. Stéttarfélags sálfræðinga á Íslandi



Halldór Hauksson  
formaður